



Fréttabréf Árskógar skóla

9. tölublað, 2. árgangur, maí 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Símanúmer skólans

Aðalnúmer: 460-4970

Skólastjóri: 460-4971

Kötluokot: 460-4973

Félagsheimili: 460-4979

Stundaskrár

Næsta vetur stefnum við að því að grunnskólastig byrji daginn **kl. 08:00** og ein rúta heim alla daga **kl. 13:30**. Með fyrirvara um breytingar.....

Könnun

Foreldrar barna á grunnskólaaldri næsta vetur ættu að hafa fengið 3 spurningar í tölvupósti um stundaskrá, ávexti og mjólk.

Stjórnendur skólans

Ef spurningar vakna þá endilega hafðu samband í síma 460-4970 eða sendu póst.

Gunnþór Eyfjörð skólastjóri
gunnthore@dalvikurbyggd.is

Hjördís Jóna deildarstjóri
jona@dalvikurbyggd.is

Til þjónustu reiðubúin!

Kæra skólasamfélag

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn. Samvinna, traust og jákvæðni eru þau hugtök sem okkur finnst standa upp úr eftir veturinn. Framundan er maí sem mörgum þykir skemmtilegasti mánuðurinn þegar sem lömbin fæðast, snjórinn hverfur (svona yfirleitt!), útileikir aukast og lífið tekur á sig annan lit. Veturinn hefur verið okkur góður í Árskógar skóla, með samvinnu og samræðu hefur okkur tekist að búa til góðan grunn að lærdómssamfélagi þar sem hver og einn skiptir máli, þar sem öllum á að líða vel og hafa tækifæri til að leika sér, þroskast og dafna og tileinka sér nýja þekkingu. Foreldrar, nemendur, starfsfólk og nærsamfélag hafa byggt upp góðan grunn fyrir hinn nýja skóla tveggja skólastiga. Það verður gaman í maí, júní og júlí, vettvangsferðir, útileikir, sauðburður, fjöruferð og margt margt fleira.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Sumarfrí

Tíminn líður og áður en við vitum af er komið sumarfrí. Sumarlokun leikskólastigs er **frá og með 15. júlí** og við opnum aftur **14. ágúst kl. 12:15**. Grunnskólastig fer í sumarfrí að loknum skólaslitum þess **7. júní** og mæta aftur til leiks í viðtal hjá umsjónarkennara **23. ágúst**.



Nám til framtíðar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur gefið út kynningarblað um nýju aðalnámskránnar og er því dreift um allt land. Blaðinu er ætlað að kynna nemendum, foreldrum og öðrum hagsmunaaðilum nýjar áherslur í menntun leikskólabarna, grunn- og framhaldsskólanemenda. Þá hefur einnig verið opnaður nýr vefur **Nám til framtíðar** þar sem veittar eru upplýsingar um námsskránnar, áherslur í menntamálum og fleira.

Kynningarblaðið má lesa hér <http://namtilframtidar.is/#/>

Nýjar aðalnámskrár má [finna hér](#)



Myndataka

Þriðjudaginn 14. maí að morgni, kemur meistarinn sjálfur, Palli ljósmyndari og myndar okkar föngulega hóp. Þetta árið verður leikskólastig ásamt kennurum myndað saman, 1.-4. bekkur ásamt umsjónarkennara, 5.-7. bekkur ásamt umsjónarkennara og svo verður starfsmanna-hópurinn myndaður saman. Einnig verða teknar einstaklingsmyndir.

Kostnaður: Hópmynd 13x18, einstaklingsmynd 8x11 ásamt 8 litlum myndum alls 4500 kr.

Þeir sem ætla ekki að fá mynd mega gjarnan láta vita svo ekki sé tekin einstaklingsmynd að óþörfu. Senda línu á gunnthore@dalvikurbyggd.is



Kötlukot, bleiur og blaut föt

Foreldrar barna á Kötlukoti eru vinsamlegast beðnir að koma með krem á bleiusvæði ef þið óskið að slíkt sé notað. Við höfum haft þurrkskáp í fataklefa sem er orðinn lúinn og nær ónýtur, tekur mikið rafmagn sem er ekki í anda Grænfánaskóla. Þegar hann fer úr notkun nú í maí er **mikilvægt að foreldrar setji ávallt föt til skiptanna og taki allt blautt með heim og þurrki ef þörf krefur.**

Starfsmannamál og skipulag

Brynhildur Kristinsdóttir sem kennt hefur list- og verkgreinar auk dönsku og náttúrufræði hefur ákveðið að hætta störfum við skólann í sumar og hverfa til annarra starfa. Auglýst hefur verið eftir grunnskólakennara í 100% starf og rennur umsóknarfrestur út 10. maí. Ekki hefur verið ákveðið hver kennir hvað næsta vetur en það kemur í ljós þegar skarðið hefur verið fyllt. Ætlunin er að skólastigin vinni markvisst saman t.d. að fest sé í stundaskrá leikur og nám elstu barna leikskólastigs og yngstu barna grunnskólastigs þar sem tveir kennarar vinna saman. Við tökum það sem vel hefur gengið og bættum það næsta vetur og endurskoðum það sem síður gekk.


Lokanir í maí

Í maí eru þrír **rauðir dagar** þar sem skólinn er lokaður, **1. maí** er dagur verka-lýðsins, **9. maí** er uppstigningardagur og **20. maí** er annar í hvítasunnu.



Nýjar myndir á heimasíðu undir myndasafn (lykilorðið er bíll)!

Viðburðadagatal maí 2013

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
		1 Verkalýðsdagur Lokað	2	3	4	5
6 Áróra Ída 1 árs 	7	8	9 Uppstign- ingardagur Lokað	10	11	12
13	14 Myndataka 	15	16 Elsa Kryeziu 5 ára 	17	18	19
20 Annar í hvítasunnu Lokað	21 Námsferð 5.-7. 	22 Námsferð 5.-7.	23	24	25	26
27	28	29	30	31 Vorhátíð 